

Sif Konráðsdóttir
Hólar
Akureyri

Reykjavík, 13. mars 2025
UOS2501356/F.T.
11.12.00

Efni: Krafa um aðgerðir vegna umhverfistjóns eða hættu á slíku tjóni af völdum kynþroska eldislaxa

Umhverfis- og orkustofnun vísar í samskipti Umhverfisstofnunar við Náttúrugrið. Náttúrugrið sendu stofnuninni erindi þann 26. september 2023 sem stofnunin svaraði 30. nóvember 2023. Þann 4. janúar 2024 sendu Náttúrugrið bréf þar sem sömu sjónarmið voru ítrekuð og í bréfinu 26. september 2023.

Í erindi Náttúrugriða dags. 26. september 2023, var þess krafist að Umhverfisstofnun grípi til aðgerða skv. III. og V. kafla laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð vegna stroks eldislaxa úr sjókvíum Arctic Sea Farm í Patreksfirði í ágúst 2023. Í erindinu var vísað til laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, einkum 2., 3., 9., og 10. gr. auk III. og V. kafla laganna, 179. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 9. og 11. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og 32. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012.

Í bréfi Umhverfisstofnunar frá 30. nóvember 2023 kom fram að stofnunin teldi að um væri að ræða ákveðna skörun á milli laga um umhverfisábyrgð og laga um fiskeldi. Í bréfi Náttúrugriða var sett fram krafa um aðgerðir til að fyrirskipa úrbætur vegna stroksins en Fiskistofa hafði þann þátt málsins til meðferðar. Matvælastofnun var með til athugunar orsök stroksins. Fram kom að stofnunin teldi það eðlilega kröfu til stjórnvalda að tvö stjórnvöld séu ekki með sama mál til meðferðar á sama tíma er varðar sömu ráðstafanir (hér úrbætur vegna stroks eldislax). Stofnunin teldi þau úrræði sem koma til greina á grundvelli laga um umhverfisábyrgð skarast a.m.k. að hluta til við þær aðgerðir sem þegar stóðu yfir að kröfu Fiskistofu.

Í bréfinu sagði að Umhverfisstofnun ynni að því að meta þá skörun og myndi óska upplýsinga um niðurstöður Fiskistofu að loknum aðgerðum. Stofnunin taldi rétt, í ljósi framangreinds að setja málið á bið þar til það hefði verið afgreitt hjá Fiskistofu. Umhverfisstofnun taldi því ekki rétt að beita þeim úrræðum sem stofnunin hefur skv. lögum um umhverfisábyrgð að svo stöddu.

Lög um umhverfisábyrgð

Lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð gilda um umhverfistjón sem valdið er við atvinnustarfsemi sem fellur undir II. viðauka eða yfirvofandi hættu á umhverfistjóni af völdum slíkrar starfsemi, óháð sök rekstraraðila. Umræddur rekstur Arctic Sea Farm hf. fellur undir

framangreindan viðauka og er með starfsleyfi Umhverfisstofnunar til fiskeldis, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Í erindinu kemur fram að það sé mat Náttúrugriða að erfðablöndun norsks eldislax við villta íslenska laxastofna hafi skaðleg áhrif á vistfræðilegt ástand og vistmegin vatns og teljist umhverfistjón í skilningi 2. tl. 1. mgr. 3. gr. laganna.

Umhverfisstofnun telur umrætt stök fremur geta fallið undir 1. tl. 1. mgr. 3. gr. en sá töluliður fjallar um tjón á vernduðum tegundum og náttúruverndarsvæðum. Í 6. gr. eru ýmis hugtök laganna skilgreind, m.a. *verndaðar tegundir og náttúruverndarsvæði* í a-f liðum 22. tl. 1. mgr. Í a-lið segir:

a. Tegundir villtra fugla og villtra spendýra sem eru friðaðar samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og tegundir vatnafiska sem njóta verndar samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði.

Vísað er til 13. gr. laga um fiskeldi þar sem fjallað er um viðbrögð vegna stroks á eldisfiski og hlutverk Fiskistofu í því samhengi. Fiskistofa bregst við og stjórnar veiðum þegar sleppingar/stök verða á eldisfiski með því að grípa til tiltækra aðgerða til þess að koma í veg fyrir vistfræðilegt tjón.

Stofnunin hefur átt í samskiptum við Fiskistofu undanfarna mánuði vegna málsins. Í janúar 2024 fékk stofnunin þær upplýsingar að beinum aðgerðum væri lokið að sinni og að staðan yrði metin næsta sumar og mögulega gripið til aðgerða ef vart yrði við eldisfiska í ám.

Umhverfis- og orkustofnun fundaði með Fiskistofu þar sem ræddar voru mögulegar úrbætur, umfram fyrirmæli Fiskistofu, dags. 12. september 2023. Á fundinum kom fram að Fiskistofa hafi ekki gripið til frekari aðgerða vegna atburðarins og að málinu hafi verið lokað af hálfu stofnunarinnar. Stofnunin muni þó bregðast við ef eldisfiskar veiðist í veiðivötnum á Íslandi og muni grípa til aðgerða til að minnka líkurnar á því að þeir valdi vistfræðilegu tjóni. Hægt hafi verið að grípa til aðgerða, áður en fiskurinn hryngdi, og var það reynt fyrst með veiðum í net um leið og atburðurinn átti sér stað. Lítið veiddist í net og setti Fiskistofa því fram fyrirmælin 12. september 2023. Fiskistofa, og Umhverfis- og orkustofnun, telja ekki raunhæft að grípa til aðgerða til að fjarlægja möguleg afkvæmi eldisfiska í veiðivötnum, eftir hrygningu.

Kæra til lögreglu

Í bréfinu frá 26. september 2023 var vísað til 179. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940 og 34. gr. laga um umhverfisábyrgð. Matvælastofnun sem er útgefandi rekstrarleyfis til fiskeldis og eftirlitsaðili með kröfum þess leyfis, vísaði málinu til lögreglunnar á Vestfjörðum. Lögreglan á Vestfjörðum hætti rannsókn málsins með bréfi þann 19. desember 2023. Þegar stofnunin sendi bréf sitt 30. nóvember 2023, var rannsókn málsins enn í gangi og taldi stofnunin ekki þörf á því, að svo stöddu, að beita sér hvað þann þátt málsins varðaði.

Í bréfi Náttúrugriða frá 4. janúar 2024 segir að þeim sé ekki kunnugt um það að lögreglustjórinn á Vestfjörðum hefði tekið afstöðu til refsíábyrgðar skv. 34. gr. laga nr. 55/2012. Þar segir, í 1. mgr.:

Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum að:

1. fara ekki að fyrirmælum eða vanrækja athafnaskyldu samkvæmt lögum þessum,
2. vanrækja tilkynningarskyldu skv. 9. og 10. gr., veita rangar eða villandi upplýsingar eða leyna upplýsingum sem máli skipta í tengslum við tilkynningarskyldu eða skyldu til upplýsingagjafar skv. 25. gr.,
3. hindra aðgang eftirlitsaðila að lóðum, mannvirkjum eða farartækjum þannig að það brjóti í bága við 25. gr.

Umhverfis- og orkustofnun telur rekstraraðila hafa brugðist rétt við þegar sleppingarnar uppgötvaðust og var stofnunin upplýst um atvikið. Að mati stofnunarinnar voru engin fyrirmæli skv. lögum um umhverfisábyrgð vanrækt né telur stofnunin að aðrar brotalýsingar ákvæðisins eigi við. Umhverfis- og orkustofnun telur ekki tilefni til þess að kæra Arctic Sea Farm hf. til lögreglu vegna málsins.

Niðurstaða

Náttúrugrið vísa til 1. mgr. 26. gr. laga nr. 55/2012 þar sem fram kemur að þeir sem eigi málskotsrétt skv. 33. gr. geti óskað eftir því að Umhverfis- og orkustofnun grípi til aðgerða skv. III. og V. kafla laganna. Í ljósi þess að stofnunin telur ekki raunhæft að hægt sé að ráðast í úrbætur á því tjóni sem mögulega varð við sleppinguna í Patreksfirði, mun Umhverfis- og orkustofnun ekki beita þeim heimildum sem stofnunin hefur skv. III. og V. kafla laganna. Umhverfis- og orkustofnun telur ekki tilefni til þess að kæra háttsemi Arctic Sea Farm til lögreglu.

Virðingarfyllst,

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Lilja Ólafsdóttir
sviðsstjóri